

Skjalasafn Ráðherra  
R18100261  
21. des. 2018  
bréfalýkill: 1232



Borgarstjórinn í Reykjavík  
Dagur B. Eggertsson  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík  
sími: 545 9200 postur@fjr.is  
fjr.is

Reykjavík 18. desember 2018  
Tilv.: FJR18110046/7.3.3

Efni: Áskorun til ríkisvaldsins um að beita sér fyrir afnámi fjármagnstekjuskatts á sveitarfélög.

Vísað er til erindis borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 15. nóvember 2018, þar sem skorað er á ríkisvaldið að beita sér fyrir afnámi fjármagnstekjuskatts á sveitarfélög.

Í erindinu kemur m.a. fram að Reykjavíkurborg telji óeðlilegt að fjármagnstekjuskattur sé lagður á lánveitingar eða fjármögnun sveitarsjóða til dótturfélaga sem sinni ýmist lögbundinni eða almennri grunnþjónustu til íbúa. Ekki virðist hafa verið hugsað til þess að sveitarfélög geti fjármagnað sig á hagstæðum kjörum án aðkomu lífeyrissjóðs sveitarfélaga og óskað er eftir lagabreytingum sem gera samstæðum sveitarfélaga kleift að nýta sér hagstæðustu lánskjör sem markaðir hafa upp á að bjóða hverju sinni. Að mati Reykjavíkurborgar standi öll rök til þess að sveitarsjóðir verði að minnsta kosti undanþegnir fjármagnstekjuskatti á lánveitingum til dótturfélaga sem veiti grunnþjónustu, s.s. á sviði velferðarmála, samgöngumála, veitustarfsemi o.fl.

Þá er talið fullt tilefni til að skoða að veita sveitarsjóðum hlutdeild í tekjum ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti þar sem margir einstaklingar og lögaðilar sem þiggi þjónustu sveitarfélagsins greiði lítið eða jafnvel ekkert útsvar til þess.

Að lokum er tekið fram að samþykkt hafi verið í borgarráði þann 8. nóvember sl. tillaga borgarstjóra um að skora á ríkisstjórnina um að beita sér þegar í stað fyrir endurskoðun fjármagnstekjuskatts á sveitarfélög sem sé óeðlileg skattlagning á sveitarfélögin í landinu og er það gert með erindinu.

Það er afstaða ráðuneytisins að rétt sé að taka skattskyldu fjármagnstekna til skoðunar í þeirri vinnu sem framundan er vegna endurskoðunar skattstofna fjármagnstekjuskatts, á sama tíma og aðrar sambærilegar athugasemdir sem borist hafa ráðuneytinu. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram áætlun um endurskoðun á skattstofni fjármagnstekjuskatts. Sú vinna er ekki hafin en ráðuneytið mun, þegar sú vinna hefst, taka athugasemdirnar til nánari skoðunar.

Fyrir hönd ráðherra

Marianna Jónasdóttir

Ingrid Helga Helgadóttir